

401

Til himins upp þig hef, mín sál



Eb Bb Cm G Ab Eb/G Bb Eb Bb Eb/G Bb/F F Bb Eb
 1. Til him - ins upp þig hef, mín sál, til him - ins fljúg - i lof - gjörð þín. Upp,
 2. Ó, Drott - inn, náð þín dá - söm er, ó, Drott - inn, hjart - ans at - hvarf mitt, þú
 3. Því skal, ó, Drott - inn, dýrð þér tjá í dag og jafn - an sál - a mín, þig
 4. Af öll - u hjart - a eg þig bið: Æ, ann - ast þú mig nú í dag, af

Ab Eb Fm/Eb Bb/D Eb Fm/Ab G Cm Bb/D Eb Bb Cm Eb/Bb Bb7 Eb
 upp, mitt hjart - a, hug - ur, mál, með helg - um söng því dag - ur skín.
 vær - an blund enn veitt - ir mér og vakt - ir enn þá barn - ið þitt.
 lof - i allt er and - a má og allt er bless - ar gæsk - a þín.
 elsk - u þinn - i legg mér lið og lát mér snú - ast allt í hag.

5. En ef þú sendir mæðu mér
svo mín af harmi stynur önd
gef mér þá eins að þakka þér
og þína blessa föðurhönd.

6. Æ, hjálpa þú mér, Herra minn,
svo helgi' eg gjörvallt líf mitt þér.
Mig ætíð styrki andi þinn
og allt sem gott er kenni mér.

7. Ég fel mig nú í faðminn þinn,
ég fel þér bæði líf og sál.
Æ, lát þér þóknast lofsöng minn,
þig lofi hjarta, raust og mál.